

# Haustfundur fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses.

27. nóvember 2024

Hásalur – Hátúni 10, Reykjavík

## FUNDARGERÐ

### 1. Fundarsetning

Halldóra Alexandersdóttir, varaformaður stjórnar Brynju leigufélags, setur fundinn kl. 15:02 og ávarpar fundargesti.

Úr fulltrúaráði eru mætt: Aðalbjörg Traustadóttir, Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir, Einar Brandsson, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, Gunnhildur Hlökkversdóttir, Halldóra Árnís Ingvadóttir, Hrönn Stefánsdóttir, Ingibjörg Snjólaug Snorra Hagalín, Jón Heiðar Jónsson, Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson, Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson, Stefanía Telma Sigtryggsdóttir, Stefanía Traustadóttir, Svavar Kjarrval Lúthersson, Vilhjálmur Hjálmarsson og Unnur Þöll Benediktsdóttir.

Úr stjórn eru mætt: Aðalsteinn Leifsson, Halldóra Alexandersdóttir, Fríða Bragadóttir, Lilja Dögg Jónsdóttir Donovan og Jón Heiðar Daðason.

Þá eru mætt Eva Þengilsdóttir framkvæmdastjóri ÖBÍ, Flóki Ásgeirsson lögmaður, Höskuldur Eiríksson lögmaður, Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri Brynju leigufélags, Erna Eiríksdóttir fjármálastjóri, Jón Garðar Hreiðarsson ráðgjafi og Ármann Ólafsson, Guðrún Eggertsdóttir og Kolbrún Arna Villardsen starfsmenn Brynju leigufélags.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður gerir tillögu um að Eva Þengilsdóttir verði kjörin fundarstjóri og Flóki Ásgeirsson lögmaður verði kjörinn ritari. **Samþykkt.**

Eva Þengilsdóttir tekur við fundarstjórn. Fundarstjóri lýsir því yfir að fundurinn sé lögmætur, boðað hafi verið til fundarins með lögmætum hætti og meira en helmingur fulltrúa sé mættur til fundarins. Fundarstjóri biður fundarmenn að kynna sig.

### 3. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Brynju leigufélags, kynnir skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.



**4. Horfur í rekstri 2024 o.fl.**

Erna Eiríksdóttir, fjármálastjóri Brynju leigufélags, kynnir horfur í rekstri félagsins 2024 og rekstrar- og fjárfestingaráætlun 2025-2027.

**5. Brynja 2030 – stefnumótun kynnt og lögð fram til samþykktar**

Jón Garðar Hreiðarsson ráðgjafi kynnir niðurstöður stefnumótunarinnar „Brynja 2030“.

Fundarstjóri ber stefnu upp til afgreiðslu. **Samþykkt.**

**6. Kynning á niðurstöðum valnefndar Brynju og stjórnarkjör**

Vilhjálmur Hjálmarsson, varaformaður ÖBÍ, kynnir niðurstöðu valnefndar vegna stjórnarkjörs. Valnefnd gerir tillögu um kjör Höskulds Eiríkssonar lögmanns í stjórn til ársloka 2025.

**7. Kosning stjórnarmanns**

Ekki eru aðrir í kjöri en Höskuldur Eiríksson sem tilnefndur er af valnefnd. **Sjálfkjörinn með lófataki.**

**8. Önnur mál**

Svavar Kjarrval spyr um niðurstöðu vinnustaðakönnunar Hagvangs. Guðbrandur Sigurðsson svarar því að niðurstöður hafi verið jákvæðar. Ábendingar hafi komið um upplýsingaflæði og brugðist hafi verið við þeim.

Vilhjálmur Hjálmarsson spyr um afrit af glærum. Erna Eiríksdóttir svarar því að þær verði sendar.

**9. Fundarlok**


Fundarstjóri leggur til að hann og fundarritari fái heimild til að ganga frá og staðfesta fundargerð. **Samþykkt.**

Framkvæmdastjóri ávarpar fundarmenn í lok fundar og þakkar fyrir stuðning.

Fundi slitið kl. 16:53.



Eva Þengilsdóttir fundarstjóri



Flóki Ásgeirsson fundarritari